

Aðalfundur SNS 2014 - fundargerð

Aðalfundur SNS 2014 var haldinn á Hótel Reykjavík Centrum þann 25. mars 2014.

Mætt: Kristín Hermannsdóttir, Ingvar A. Sigurðsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Róbert A. Stefánsson, Þorleifur Eiríksson, Þorkell Lindberg Þórarinsson og Jón Ágúst Jónsson. Enginn fulltrúi Náttúrustofu Norðurlands vestra mætti á fundinn.

Formaður setti fund kl 15:30. Þorleifur kosinn fundarstjóri og Jón Ágúst ritari.

Fyrir var tekið:

1 Skýrsla stjórnar

Formaður kynnti skýrslu stjórnar:

Ársfundur SNS fyrir árið 2013 var haldinn þann 7. nóvember sl. Á fundinum var kosin sú stjórn sem nú situr og tók hún formlega til starfa 1. janúar 2014. Í henni sitja Þorkell Lindberg Þórarinsson, formaður, Róbert Arnar Stefánsson og Kristín Hermannsdóttir. Fráfarandi stjórn var skipuð þeim Ingvari Atla Sigurðssyni, formanni, Gunnari Þór Hallgrímssyni og Þorkeli Lindberg Þórarinssyni.

Í tíð fyrrverandi stjórnar var lítið gert á vegum SNS þann stutta tíma sem leið frá ársfundi og fram til áramóta. SNS sendi þó sameiginlegan fulltrúa á fund um Evrópustyrki í desember. Fulltrúi SNS var Kristjana Einarsdóttir, starfsmaður Náttúrustofu Vestfjarða.

Árið 2014, fram til dagsins í dag, hefur stjórn fundað þrisvar sinnum í síma. Strax í byrjun árs var lögð áhersla á að ná fundi með umhverfis- og auðlindaráðherra til að vekja athygli á þróun fjárveitinga til náttúrustofa og óska eftir aðkomu í hagræðingarvinnu sem nú fer fram í ráðuneytinu á grundvelli tillagna hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar. Stjórn setti saman minnisblað, í samráði við aðra forstöðumenn, sem lagt var fyrir umhverfisráðherra á fundi 4. mars sl. Kristín og Róbert sátu fundinn f.h. SNS. Í kjölfar fundarins var náttúrustofum boðið að fylla út verkefnalista sem stýrihópur umhverfis- og auðlindaráðuneytisins notar í sinni vinnu við að móta tillögur að aukinni hagræðingu í málefnum ráðuneytisins. Þeim upplýsingum var skilað þann 14. mars sl.

Stjórn SNS kannaði í byrjun árs forsendur fyrir Náttúrustofuþingi 2014 á Höfn en niðurstaðan varð sú að fresta þingi um eitt ár þar sem svo stutt var frá síðasta Náttúrustofuþingi. Í stað þess var ákveðið að halda ársfund forstöðumanna og aðalfund SNS.

Auk þessa hefur stjórn kannað möguleika á sameiginlegum innkaupum á landupplýsingaforritinu ArcGIS.

Auk símafunda stjórnar hafa forstöðumenn náttúrustofa einu sinni fundað í síma, þann 11. mars sl. Þar var fyrirhugaður aðalfundur ræddur ásamt upplýsingagjöf til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um verkefni náttúrustofa. Þá var í tölvupóstsamskiptum ákveðið að senda fulltrúa SNS til þess að taka þátt í gerð landsskipulagsstefnu, en boð hafði verið sent á allar náttúrustofur.

Víst er að fram undan eru ýmis verkefni á vegum SNS árið 2014. Vinnuhópar sem skipaðir voru um ákveðin málefni á síðasta Náttúrustofuþingi munu starfa fram að næsta þingi sem ráðgert er í mars á næsta ári. Flestir þeirra hafa lítið gert enn þá af því sem áætlað var, enda stuttur tími frá þinginu í nóvember. Samskipti við umhverfis- og auðlindaráðuneytið verða væntanlega í brennidepli, enda mikil þörf á því að náttúrustofur fái aukin verkefni og fjármagn þeim tengdum. Í því sambandi er vert að nefna að á fundi stjórnar SNS með ráðherra kom fram að stefnt er að samráðsfundi UAR, NÍ, UST og náttúrustofa á vordögum. Þá verður vonandi framhald á samráði við SNS í sambandi við hagræðingartillögur innan umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Þorkell Lindberg Þórarinsson
Kristín Hermannsdóttir
Róbert Arnar Stefánsson

Skýrslan samþykkt. Jafnframt ákveðið að eftirleiðis skuli skýrsla stjórnar spanna almanaksárið, líkt og ársreikningar.

2 Afgreiðsla reikninga

Þorleifur fór yfir ársreikning SNS fyrir rekstarárið 2013. Heildarrekstrartekjur voru 855.664 kr, en gjöld 520.823 kr. Afkoma af rekstri var jákvæð um 334.841 kr. Í árslok 2013 var eigið fé 530.354 kr. Þar sem skoðunarmönnum gafst ekki tími til að yfirfara reikninginn fyrir fundinn var ársreikningurinn samþykktur með fyrirvara um samþykki skoðunarmanna.

3 Lagabreytingar

Engar lagabreytingar gerðar. Stjórn falið að yfirfara C-lið 5. gr. m.t.t. rekstraráætlanagerðar og 3. gr. m.t.t. til stjórnartíma.

4 Kosning stjórnar

Núverandi stjórn leggur til að nýja stjórn skipi Róbert A. Stefánsson (formaður), Kristín Hermannsdóttir og Jón Á. Jónsson. Tillagan samþykkt. Ný stjórn tekur til starfa 1. janúar 2015.

5 Skipun í vinnuhópa

Vinnuhópar frá síðasta aðalfundi halda áfram störfum. Sunna Björk Ragnarsdóttir tekur sæti Gunnars Þórs Hallgrímssonar í bjargfuglahóp.

Kristín Hermannsdóttir tilnefnd áfram sem fulltrúi SNS í landsskipulagsstefnuhóp. Samþykkt.

Þorleifur Eiríksson tilnefndur áfram sem fulltrúi SNS í ráðgjafahópi um vatnshlot. Samþykkt.

6 Kosning skoðunarmanna

Smári Haraldsson og Þuríður Sigurðardóttir tilnefnd áfram. Samþykkt.

7 Ákvörðun um árgjöld

Engin árgjöld ákveðin.

8 Önnur mál

Evrópustyrkir. Aðalfundur SNS ályktar að a) skilgreina náttúrustofur sem hóp í horizon 20/20 og skrá þær á síðuna og b) einhverjir verði fengnir til að leita markvisst að verkefnum (calls) sem gætu hentað stofunum. Að hámarki skal verja einum mánuði í leit að verkefnum.

Gagnagrunnar. Samræma þarf skráningu gagna. Þorkell Lindberg Þórarinsson, Böðvar Þórisson og Sunna Björk Ragnarsdóttir skipuð í vinnuhóp sem á að samræma skráningu fuglavöktunargagna. Áveðið að byrja á að samræma hreiðurskráningu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 17:05.